

Mál nr. 282/2016

**M og
V-1 v. A og
V-2 v. B**

Árekstur bifreiða á Hvammabraut í Hafnarfirði þ. 29.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2
 2. Bréf V-1 dags. 22.9.2016
- Bréf V-2 dags. 20.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á Hvammabraut (gömlu Reykjanesbraut) í Hafnarfirði milli A og B. Ökumaður B stöðvaði á akbrautinni til að bakka inn í vörubílastæði og þveraði akbraut til norðurs þegar A var ekið í norður og í vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa ekið upp Hvammabraut og þegar hann hafi komið í afliðandi beygju við kirkjugarðinn hafi hann gætt að umferð frá kirkjugarðinum á hægri hönd og ekið áfram en skyndilega hafi B verið þvert á akbrautinni og verið að snúa við til að bakka inn í stæði. Ökumaður B sagðist hafa stöðvað B á akbrautinni og verið að snúa við til að bakka inn í stæði og þverað báðar akreinar.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætir nægjanlegrar varúðar við aksturinn og ekki er forsenda til að fella meiri sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 25.10.2016.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.